



Leiðbeiningar til starfsfólks Reykjavíkurborgar sem notar mötuneytin í Ráðhúsi Reykjavíkur og Höfðatorgi, vegna COVID 19

Smitleið kórónaveirunnar er talin vera snerti- og dropasmit, . Kórónaveiran getur dreifst þegar smitaður einstaklingur hóstar, hnerrar eða snýtir sér og hraustur einstaklingur andar að sér dropum/úða frá honum. Einnig ef hendur hrausts einstaklings mengast af sýktum dropum/úða og hann snertir síðan andliti sitt. Ekki hefur verið staðfest að fólk geti verið smitandi áður en einkenni koma fram en sumir fá lítil sem engin einkenni en geta þó verið smitandi. Veiran lifir í stuttan tíma á hörðum flötum utan líkamans (talið vera klukkustundir frekar en dagar). Þannig geta sameiginlegir snertifletir eins og eldhúsáhöld og vatnskönnur mögulega borið smit ef einhver veikir hnerrar eða hóstar á hlutina eða snertir þá með óhreinum höndum. Bent er á frekari upplýsingar um Covid-19 á vef Embættis landlæknis www.landlaeknir.is

Leiðir til að draga úr krosssmiti (að smit berist frá einum einstaklingi í áhöld eða til annars einstaklings)

- Áður en farið er í mötuneyti á að þvo hendur skv. leiðbeiningum með volgu vatni og sápu. Þurrka vandlega með einnota pappír.
- Takmarkið handfjötlan farsíma og annarra snertiflata eftir handþvott.
- Þegar í mötuneyti er komið skal starfsfólk spritta hendur áður en það tekur bakka og/eða disk. Einnig skal spritta hendur eftir að gengið hefur verið frá greiðslu.
- Farið eftir umgengisreglum við hlaðborð
- Gerið starfsfólki viðvart ef áhöld hafa fallið ofan í ílát/matvæli.
- Snertið ekki matvæli.
- Áður en matar er neytt skal spritta hendur.